

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Snæfellsness og Hnappadalssýslu um* **110**
þóknun fyrir störf yfirskattanefndarmanna. — Í brjefi frá 24. apríl þ. á. **20. júl.**
hafið þjer, herra sýslumaður, skotið því undir úrskurð minn, hvort yfirskattanefndarmenn
þeir, er búsettir eru á Stykkishólmi, geti samkvæmt 21. grein laga 14. desbr. 1877 (A.
23) reiknað sjer þóknun fyrir nefndarstörf þau, er fara fram, þar sem þeir eru búsettir.

Hin nefnda lagagrein ákveður, að yfirskattanefndarmenn skuli hafa sömu þóknun
fyrir störf sín, sem sýslunefndarmenn hafa samkvæmt tilsk. 4. dag maímán. 1872 33.
grein; en það er: «fyrir ferðakostnað og í fæðispeninga 1 rd. fyrir hvern dag frá því að
«þeir byrja ferð sína á sýslufund og til þess, að þeir eru komnir heim aptur». Þóknunin
er þannig ekki borgun fyrir fundarstörf hlutaðeigandi, en að eins endurgjald á kostnaði
þeim til ferðalags og fæðis, er leitt hefir af störfum þessum, en skilyrðið fyrir slíku
endurgjaldi verður að vera, að hlutaðeigandi hefir þurft að ferðast frá heimili sínu og
útvega sjer fæði fyrir utan það; en þetta verður ekki sagt um þá menn, sem búsettir
eru á þeim stað, er nefndarfundirnir eru haldnir á.

Samkvæmt þessu sje jeg mjer ekki fært að ávísa til borgunar úr landssjóði þeim
3 reikningum frá yfirskattanefndinni í sýslu yðar, er jeg meðtók með brjefi yðar, herra
sýslumaður, frá 23. febr. þ. á. og endursendast þeir hjer með.

Auglýsing.

111
23. júl.

Samkvæmt skýrslum, sem fyrir höndum eru, gengur nú bólusótt í Kristíanfu og
annarstaðar í Noregi sunnanverðum. Að því er snertir öll skip, er hingað koma frá
Kristíanfu eða öðrum höfnum sunnanfjalls í Noregi, ber því að gæta þeirra reglna, sem
lög frá 17. desbr. 1875 ákveða um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenska
kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands. Sjerstaklega má eigi af neinu slíku
skipi setja á land neinn af þeim, er á skipinu eru, hvort heldur eru skipsmenn sjálfir
eða farþegar, fyr en heilbrigðisstjórnin hefir gjört gangskör að því, að hlutaðeigandi hjer-
aðslæknir eða annar lögmætur læknir rannsaki heilbrigðisástand þeirra, svo þer og öllum
skipum, er koma hingað frá nefndum stöðum, fyrst og fremst og áður en þau hafa sam-
göngur við aðra hluta landsins að koma á einhverja þessara hafna: Reykjavík, Vest-
mannaeyjar, Stykkishólm, Ísafjörð, Akureyri eða Eskifjörð, til þess að rannsaka þar.
Sjerhvert slíkt skip er og skyldugt til, áður en það leggur til hafnar að flagga grænu
flaggi á siglutoppnum stærri, eða sje það ekki til, þá hvítu flaggi.

Broti gegn ákvörðunum þessum, svo og gegn þeim ákvörðunum, er heilbrigðis-
stjórnin kann að gjöra samkvæmt 4. gr. nefndra laga, verður hegnt samkvæmt 7. gr.
sömu laga með sektum allt að 200 kr. að svo miklu leyti, sem eigi verður unnið til
þyngri hegningar eptir hinum almennu lögum.

Þetta er hjermeð auglýst fyrir hönd ráðgjafans samkvæmt 2. gr. laga 17. desbr. 1875.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 23. dag júlímánaðar 1880

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.